

Fundur Læknaráðs 13. Október – Fundargerð

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar haldinn á TEAMS kl 13.

Mættir eru: Gunnar Bjarni Ragnarsson, Hildur Jónsdóttir (ritari), Páll Guðjónsson, Þórunn Jónsdóttir, Oddný Ómarsdóttir.

1. Umræða um lyfjamál sbr umsögn forstjóra LSH með Helgu Eyjólfsdóttur frá Lyfjanefnd LSH. <https://www.althingi.is/alttext/erindi/153/153-58.pdf>
 - Rætt um fyrirsjáanlega fjárvöntun til innleiðingar nýrra leyfisskyldra lyfja. Helga Eyjólfsdóttir frá Lyfjanefnd LSH kemur á fundinn. Farið yfir hlutverk Lyfjanefndar og rætt um hverskonar lyf eru leyfisskyld. Aukning í notkun leyfisskyldra lyfja er um 10% á milli ára (mikil framþróun í meðferðar s.s. í meðferð krabbameins og gigtsjúkdóma einnig aukin fólksfjöldi, öldrun þjóðar og verðbólga). Mikil vinna og allra leiða leitað til hagræðingar innan málaflokksins.
 - Rætt um ályktun Læknaráðs, rætt hvert skal senda og hvenær. Allir sammála um að taka undir áhyggjur forstjóra LSH og senda því ályktun á fjölmiðla ásamt aðilum stjórnarsýslunnar en ekki ástæða til að gefa viðtöl eða að við tjáum okkur frekar um málið þar sem ályktunin er mjög skýr.
2. Stutt umræða um áherslumál í vetur s.s. mannauðsmál, mönnunarmál, samstarf við önnur félög lækna, afköst skurðstofa LSH o.fl.
3. Ákveðið að m.v. að hafa reglulega fundi í vetur á föstudögum, helst að nota TEAMS til að hafa samskipti þess á milli

Fundi slitið